

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. c-lið 6. tl. 65. gr. laga nr. 160/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 26. janúar 2011 fallist á breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 frá 23. mars 2006.

Breytingin tekur til alls lands innan sveitarfélaganna: Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps og felst breytingin í niðurfellingu svæðisskipulagsins í heild sinni og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á því.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð breytingartillögu verið unnin í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 en þar sem samvinnunefnd hafði ekki sent breytingu til Skipulagsstofnunar samkvæmt 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga, fyrir gildistöku skipulagslaga nr. 123/2010, er niðurfelling svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 staðfest af Skipulagsstofnun samkvæmt nýjum lögum.

Skipulagsstofnun, 26. janúar 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2011